

HANDVERK OG HÖNNUN


í Ráðhúsi Reykjavíkur
5.–9. nóvember 2015

Niðurstöður viðhorfskönnunar nóvember 2015


Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR sem haldin var dagana 5.– 9. nóvember. 2015
Könnunin var framkvæmd dagana 16.– 24. nóvember 2015.

Svörun var afar góð eða **90%** en alls svaraði 52 af 58 þátttakendum könnuninni.


1. Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur var nú haldin í fjórtánda sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?



2. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?




3. Að þínu mati, hver er ávinningurinn af þátttöku í sýningunni Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur?




4. Framboð vöru.


Hakaðu í það sem við á




5. Á sýningunni lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.




3. Finnur þú fyrir auknum áhuga á vörum þínum í kjölfar sýningarinnar í Ráðhúsinu?



6. Mikil áhersla var lögð á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna?



7. Prentun og dreifing á kynningarbæklingi fyrir sýninguna er aðal kostnaðarliðurinn. Finnst þér koma til greina að sleppa prentuðum kynningarbæklingi?




8. Hefur þú hugmyndir um nýjar leiðir í kynningarmálum?


- Ég sá ekki marga erlenda ferðamenn þarna. Kannski mætti auka kynningu sýningarinnar á þeirra miðlum hér á Íslandi. Það var mikið að fólki þarna, ég held ekki að það þurfi að auglýsa sýninguna betur, nema kannski með einhverri uppákomu, t.d. happdrætti. Áberandi var að gestir voru um 80% konur og þátttakendur 92% konur. Kynna sýninguna betur fyrir menn og vera með meira af vörum við þeirra smekk. Miðað við fjölda gesta væri hagur allra að sýningarsvæðið væri stærra. Minn bás var á eyju í miðjum sal sem náði aðeins 60-70% sýningagesta þegar mest var á fólki.
- Peningarnir nýtast betur með auglýsingum á samfélagsmiðlum.
- Í stað þess að nota peningana í prentkostnað á bæklingi legg ég til að fá kunnáttufólk í markaðssetningu á netinu, þar sem facebook auglýsingar ásamt google auglýsingum benda allar beint inn á síðuna er fjallar um væntanlega sýningu. Ég hef heyrt mjög marga sem hafa misst af bæklingi og hreint ekki tekið eftir honum, (litir voru mjög svo dempaðir) útlitið sem sagt hreif ekki þá sem sáu til. Það er svo rosalega mikið áreiti af öllu tagi að ég held tvímælalaust að endurskoða eigi hina kostnaðarsömu útgáfu bæklingis.
- Samstarf við blöð eins og Hús og hýbýli, vikuna eða annað slíkt
- Mér finnst þær leiðir sem nú eru farnar vera virkilega frábærar og prentaði bæklingurinn er að skila sínu í mínu tilviki. Margir komu við hjá okkur vegna myndar í bæklingnum sem þeir sáu.
- Mögulega mætti ná erlendum ferðamönnum meira inn á sýninguna, en erfitt að vita hvaða leiðir væru bestar til þess aðrar en þær sem nú þegar eru notaðar...
- Nei, finnst kynningin mjög góð :)
- Mér hefur fundist sýningin vel kynnt að hálfu sýningarhaldara.

9. Unnið er markvisst að því að markaðssetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn. Kynningarefni var sent á ferðaskrifstofur á Norðurlöndunum og Bretlandi sem skipuleggja ferðir til Íslands. Sýningin er skráð inn á alla viðburðavefi fyrir ferðamenn í Reykjavík með góðum fyrirvara. Einnig voru prentuð auglýsingaspjöld á ensku sem dreift var í upplýsingamiðstöðvar og á hótel í Reykjavík.


Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?




Þeir sem svöruðu 9. spurningu játandi voru beðnir að gefa upp hve hátt hlutfall af heildarveltu var sala til erlendra aðila.




13. Virðisaukaskattur




14. Undanfarin fjögur ár hafa verið haldnar tvær sýningar á ári, þ.e. í maí og nóvember. Finnst þér vera þörf á því að hafa tvær Ráðhúsi Reykjavíkur?



15. Staðreyndin er að mun færri sækja um þátttöku vegna sýningarinnar í maí. Hefðir þú áhuga á að sækja um að vera með í maísýningu?



16. Búseta



17. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

- Takk fyrir að hafa fengið að vera með og vona að ég verði þarna aftur næst. Það er eitt sem mér liggur á hjarta, sýningarsvæðið mætti vera stærra.
- Takk fyrir.
- Óhentugt húsnæði er okkur ofarlega í huga. Það veldur því að básar eru litlir og erfiðir.
- Það er líka mjög undarlegt að mæla básana eftir gólfplássi, það gerir ekkert gagn. Það veldur því sem dæmi að „stórir“ básar hlið við hlið eru algjörlega ólíkir. Annar er með 4 veggfleka en annar bara tvo þótt þeir séu jafn „stórir“ að flatarmáli og jafn dýrir. Mjög ósannjarnt enda er það veggplássið sem skiptir máli fyrir langflesta sýnendur.
- Annað er gæði sýnenda. Flestir sýnendur eru mjög hæfileikaríkir hönnuðir eða handverksfólk. Svo inn á milli eru algjörlega óskiljanlegir sýnendur...
- Frábær sýning - takk fyrir :)
- Bara mjög ánægð með ykkar störf kæru vinkonur. :)
- nei
- Varðandi spurningu nr. 14 myndi ég bæta við option um aðra sýningu svo fram komi tillögur um fyrirkomulag hennar. Kannski þyrfti hún að vera undir öðrum formerkjum. Ég hef heyrt frá almenningi að þeim finnist alltaf sömu þátttakendur eða að sýningar hafi verið keimlíkar. Kannski að hafa einhver séreinkenni/áherslur á vorsýningunni, eins og ... brúðargjafir, útskriftargjafir, ný hönnun, ungir hönnuðir... Er samt erfitt við að eiga - því mér finnst þessi sýning svaka fín. Þessi var þó best - því svo mikið var úrvalið og fjölbreytnin. Gott þegar ekki eru alltaf "þessir stóru og reyndu" að sýna. Mér fannst mjög áberandi í þessari sýningu að heyra frá gestum hversu ánægðir og óvænt hissa væru að sjá svona mikið nýtt. Heldu að það væri bara aftur það sama gamla... hvað svo sem það þýðir!! en - almenn ánægja gesta yfir gæðum og fjölbreytni var það sem ég heyrði mest og er sannarlega fjöður í ykkar hatt.
- takk
- Fannst mjög gagnlegt að taka þátt, er viss um að það skilar sér til lengri tíma.
- Stærðir og skipulag á plássum var ekki nógu góð, sérstaklega voru horn plássin mis stór og virkuðu ekki nógu vel.
- Mér finnst básarnir orðnir alltof dýrir - verðið er alltaf að hækka en ekki sást fleiri auglýsingar
- Þið eruð dásamlegar.
- Frábær sýning, vel skipulögð
- Taka má til athugunar að opna kl 11 í stað 10 um helgar.
- Mér finnst sýningin mjög góður vettvangur til að hitta viðskiptavini og selja mína hluti, Ég vona sannarlega að Ráðhúsmarkaðurinn sem orðin er vel kunnur öllum sem einhvern áhuga hafa á listmunum, hönnun og handverki haldi áfram langt inní framtíðina.
- Kærar þakkar fyrir mig mér finnst í alla staði mjög vel staðið að sýningunni, sakna þó að hafa ekki mötuneytið eins og var.
- Kærar þakkar fyrir mig.
- Takk fyrir frábæra sýningu, mér fannst hún vera mjög flott með því að salurinn var opnari fyrir miðju, kom vel út og sýningin var vel sótt fannst mér, you rock girls :)
- Takk fyrir okkur og frábæra sýningu og vinnubrögð!
- Very good organization of the show and of the actual space in the City Hall. It never felt too crowded, good access to electricity. Very satisfied.

- Þetta var mikil innspýting fyrir okkar fyrirtæki og við erum mjög ánægð með að hafa tekið þátt. Við vitum að þetta á eftir að skila sér til framtíðar.
- Bæklingurinn skilaði sér ekki inná mitt heimili..og þá líklegast ekki til allra í mínu hverfi þar sem Fréttablaðið er ekki borið í hús,bæklingurinn datt því úr blöðunum og ofan í kassann sem þau eru sett í.
- Ég hef verið á 3 vorsýningum og þetta var fyrsta haustsýningin mín. Fann engan mun á sölu á vor eða haustsýningu.
- Handverk og hönnun í Hegningarhúsið!
- Mér finnst að vettvang vantí fyrir íslenskt handverksfólk og hönnuði til að selja vöruna sína allt árið. Hegningarhúsið á Skólavörðustíg mun hætta starfsemi og væri þá frábær staður fyrir okkur. Veit að ég er ekki sú eina sem hef fengið þessa hugmynd en vildi viðra hana aðeins :-)
- Takk fyrir !

KÆRAR ÞAKKIR FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!